

Janúar 2023



Velferðarvaktin

Stöðuskýrsla 2021-2022

Útgefandi:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Velferðarvaktin - Stöðuskýrsla 2021-2022

Janúar 2023

frn@frn.is

www.frn.is

Umbrot og textavinnsla:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

©2022 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

ISBN 978-9935-513-19-9

Efnisyfirlit

1. Um Velferðarvaktina.....	4
1.1 Skipunarbréf Velferðarvaktarinnar.....	5
2. Störf Velferðarvaktarinnar	6
2.1 Ráðgefandi aðili á tímum COVID-19.....	6
2.2 Rannsóknir á vegum Velferðarvaktarinnar	6
2.2.1 Úttekt á fyrirkomulagi matarúthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka.....	6
2.2.2 Rannsókn á brotthvarfi og námstöfum á framhaldsskólastigi	8
2.2.3 Rannsókn á stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki saman lögheimili.....	11
2.3 Félagsvísar og hefti	12
3. Fundir Velferðarvaktarinnar 2021-2022.....	14
3.1 Fundargerðir Velferðarvaktarinnar.....	14
4. Fulltrúar í Velferðarvaktinni	32
5. Lokaorð	33

1. Um Velferðarvaktina

Velferðarvaktin hefur nú starfað í tæp 14 ár. Hún var sett á laggirnar í febrúar 2009 af Ástu R. Jóhannesdóttur þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra. Tilefnið var efnahagshrunið haustið 2008. Velferðarvaktinni var ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur og heimili í landinu, meta aðgerðir sem gripið hafði verið til og leggja fram tillögur til úrbóta. Velferðarvaktin hefur starfað í tíð sjö ráðherra, þeirra Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, félags- og tryggingamálaráðherra 2009, Árna Páls Árnasonar félags- og tryggingamálaráðherra 2009–2010, Guðbjarts Hannessonar félags- og tryggingamálaráðherra, heilbrigðisráðherra 2010 og velferðarráðherra 2011–2013, Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra 2013–2017, Þorsteins Víglundssonar félags- og jafnréttismálaráðherra 2017, Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og jafnréttismálaráðherra 2017–2018 og félags- og barnamálaráðherra 2019–2021 og Guðmundar Inga Guðbrandssonar, félags- og vinnumarkaðsráðherra frá 28. nóvember 2021.

Frá 2014 hafa tveir undirhópar starfað innan vaktarinnar:

- Hópur um sárafátækt, leiddur af Vilborgu Oddsdóttur, fulltrúa Hjálparstarfs kirkjunnar.
- Hópur um efnalittlar barnafjölskyldur, leiddur af Salbjörgu Bjarnadóttur, fulltrúa Embættis landlæknis.

Fulltrúar geta valið um það í hvor hópnum þeir sitja en þeim er einnig frjálst að sitja í báðum hópunum. Fulltrúum ber þó engin skylda til þess að sitja í undirhóp.

Sumarið 2020 voru gerðar breytingar á skipunarbréfi Velferðarvaktar sem fólust einkum í því að ekki er lengur vísað til efnahagshrunsins sem átti sér stað fyrir meira en áratug. Þá er sveigjanleiki varðandi viðfangsefni vaktarinnar aukinn og dregið fram að hún er óháður ráðgefandi aðili. Velferðarvaktin hefur tekið mið af skipunarbréfinu í störfum sínum og auk þess horft sérstaklega til viðeigandi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun um enga fátækt, ekkert hungur, heilsa og vellíðan, menntun fyrir alla og aukinn jöfnuður.

Á þeim árum sem Velferðarvaktin hefur starfað hefur fulltrúum innan hennar fjölgað og eru í desember 2022 alls 43. Á tímabilinu hefur Velferðarvaktin fundað 14 sinnum eða 7 sinnum á árinu 2021 og 7 sinnum á árinu 2022. Þar að auki funduðu undirhópar Velferðarvaktarinnar þ.e. sárafátæktarhópurinn og barnahópurinn, eftir þörfum.

Velferðarvaktin á vefsvæði á vef félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og eru fundargerðir birtar þar ásamt öðru efni sem tengist starfi hennar. Skipunarbréf Velferðarvaktarinnar gerir ráð fyrir að hún afhendi ráðherra stöðuskýrslur með reglubundnum hætti og miðli stjórnvöldum jafnt sem almenningi upplýsingum um störf sín. Er stöðuskýrslu þessari ætlað að uppfylla það ákvæði en hún nær til árana 2021–2022.

1.1 Skipunarbréf Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin var fyrst skipuð 17. febrúar 2009 en gefið var út nýtt skipunarbréf 8. október 2010 og svo aftur 18. júní 2014. Þann 1. september 2020 var innihald skipunarbréfs breytt og fulltrúar endurskipaðir. Breytingarnar felast einkum í því að ekki er lengur vísað til efnahagshrunsins, sem átti sér stað fyrir meira en áratug. Þá felur skipunarbréfið í sér aukinn sveigjanleika varðandi viðfangsefni vaktarinnar og dregið fram að hún sé óháð stjórnvöldum. Að öðru leyti eru meginhlutverk og störf vaktarinnar með sama hætti og áður. Nýja skipunarbréfið er svohljóðandi:

Félags- og barnamálaráðherra skipar þig hér með í velferðarvakt sem ætlað er að fylgjast með félagslegri- og fjárhagslegri stöðu einstaklinga og fjölskyldna í landinu með áherslu á velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, einkum einstæðra foreldra og barna þeirra. Velferðarvaktin afli upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sárafátækt og skoði með hvaða hætti draga megi úr henni. Velferðarvaktin taki auk þess til skoðunar önnur mál eftir atvikum sem talið er að þarfnist frekari umfjöllunar og mögulega tillögur þar um. Velferðarvaktin er óháður ráðgefandi aðili fyrir félags- og barnamálaráðherra, sem og stjórnvöld og skal leggja eftir atvikum fram tillögur til úrbóta sem stjórnvöld taki afstöðu til hverju sinni. Velferðarvaktin skal fylgjast með framvindu tillagnanna. Velferðarvaktin hefur upplýsingarskyldu gagnvart stjórnvöldum jafnt sem almenningi og skal miðla upplýsingum til þeirra með markvissum hætti. Gert er ráð fyrir að vaktin afhendi ráðherra reglulegar stöðuskýrslur sem fjalli um helstu störf og viðfangsefni hennar á því tímabili sem hún nær til.

2. Störf Velferðarvaktarinnar

Heimfaraldur COVID-19 setti svip sinn á störf Velferðarvaktarinnar á þessu tímabili eins og því fyrra. Allir fundir framan af á tímabilinu voru fjarfundir (Teams). Á seinni hluta tímabilsins voru þrír fundir með öðrum hætti. Þann 24. maí 2022 heimsótti Velferðarvaktin Hjálpræðisherinn á Suðurlandsbraut 72 og hélt þar staðfund. Síðan þá hafa fundirnir verið staðfundir, haldnir í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í Síðumúla 24, með möguleika á fjarfundi fyrir þau sem það kjósa.

2.1 Ráðgefandi aðili á tímum COVID-19

Stjórnvöld ákváðu í upphafi heimfaraldursins að Velferðarvaktin yrði ráðgefandi aðili fyrir tvö teymi sem sett voru á laggirnar, fyrst í mars 2020 fyrir viðbragðsteymi velferðarþjónustu og síðar í júní 2020 fyrir uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Síðara teymið, uppbyggingarteymið, starfaði á árinu 2021 og fékk Velferðarvaktin sendar um hæl allar stöðuskýrslur sem teymið gaf út á árinu, þá síðustu þann 10. desember 2021. Þessi tilhögun fól í sér að Velferðarvaktin hafði mjög gott aðgengi að teyminu, fundaði með fulltrúum þess reglulega og kom ábendingum á framfæri. Þannig var byggð góð brú milli teymisins og þeirra aðila sem eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni. Velferðarvaktin átti þannig beint samtal við stjórnvöld og skiluðu ábendingar og tillögur Velferðarvaktar sér í ýmsum mótvægisáðgerðum sem stjórnvöld gripu til. Þann 17. ágúst 2021, á síðasta fundi félags- og barnamálaráðherra með Velferðarvakt fyrir alþingiskosningarnar 25. september, fór ráðherra yfir stöðu mála með tilliti til fjórðu bylgju COVID-19. Þakkaði hann fulltrúum vaktarinnar fyrir þá góðu vinnu sem lögð var inn á þessum óvenjulegu tímum, vinnu sem hefði skilað sér beint inn í mótvægisáðgerðir stjórnvalda.

2.2 Rannsóknir á vegum Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin hefur staðið að nokkrum rannsóknum sem kynntar voru á tímabilinu.

2.2.1 Úttekt á fyrirkomulagi matarúthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka

Á árinu 2020 fólu Velferðarvaktin og félagsmálaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka með það að markmiði að kanna hvers konar aðstoð er veitt, kortleggja hvaða hópar leita til hjálparsamtaka eftir aðstoð, kanna viðhorf til aðstoðarinnar og hvað megi bæta. Leitað var til Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins og Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri og Akranesi. Þá var hálfstaðlaður skriflegur spurningalisti lagður fyrir forsvarsmenn samtakanna og viðtöl tekin við fimm ráðgjafa í félagsþjónustu.

Einnig var óskað eftir viðauka frá Félagsvísindastofnun um hvert sé fyrirkomulag aðstoðar hjálparsamtaka annars staðar á Norðurlöndunum (sjá [stöðuskýrslu Velferðarvaktar 2019-2020](#)).

Þann 12. janúar 2021 kynnti Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands [skýrsluna Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka](#) á fundi Velferðarvaktar og fjallaði um helstu niðurstöður hennar.

Úttektin leiddi í ljós að stærsti hópurinn sem leitar aðstoðar er fólk sem framfleytir sér með fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, atvinnuleysisbótum eða örorkubótum. Einnig leita ellilífeyrisþegar og láglaunafólk til samtakanna, en í minna mæli. Fólk sem nýtir sér aðstoðina er almennt ánægt með þjónustuna en ýmislegt má bæta. Í ljós kom að stór hluti þeirra sem hafði sótt aðstoð hjá tveimur hjálparsamtökum hafði lent í því að bíða í biðröð utandyra. Þá hugnaðist nærri tveimur af hverjum þremur frekar að fá inneignarkort í matvöruverslanir heldur en að fá úthlutað mat.

Þann 25. maí 2021 kynnti Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Velferðarvaktinni [viðaukann Aðstoð hjálparsamtaka á Norðurlöndunum](#), þar sem fjallað er um hvernig fyrirkomulagi aðstoðar hjálparsamtaka er háttað á Norðurlöndunum. Þar kom fram að nokkur munur er á því hvort skapast hafi hefð fyrir matarúthlutunum eftir því í hvaða landi hjálparsamtökin störfuðu. Í Noregi og Finnlandi er rík hefð fyrir matarúthlutunum á meðan aðstoðin í Danmörku er oftast í formi fjárstuðnings eða inneignarkorta. Í Svíþjóð er ríkari áhersla á að bjóða upp á máltíðir en að úthluta mat í poka. Þá vinna mörg samtök að því að valdefla fólk og draga úr félagslegri einangrun með samveru, hópastarfi og félagslegri aðhlyningu. Þá er veitt lögfræðiaðstoð og fjármálaráðgjöf víða.

Málþing: Matarúthlutanir og ráðgjöf hjálparsamtaka

Þann 26. október 2021 stóð Velferðarvaktin fyrir [málþinginu Mataráðstoð - ný framtíðarsýn?](#) á Grand hóteli þar sem ofangreind úttekt og skýrsla voru kynntar. Einnig voru kynntar aðgerðir um matarbanka og matarvagn sem tilteknar eru í fyrstu heildstæðu aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn matarsóun, sem umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fram nokkrum vikum fyrr.

Dagskrá:

1. Málþing sett - Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktar.
2. Kynning á mataraðstoð og ráðgjöf hjálparsamtaka á Íslandi og á Norðurlöndum.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Félagsvísindastofnun HÍ, kynnir niðurstöður tveggja skýrsla sem unnar voru fyrir Velferðarvaktina og félagsmálaráðuneytið:

- *Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka- Hvaða hópar leita aðstoðar?*
- *Aðstoð hjálparsamtaka á Norðurlöndunum.*

3. Viðbrögð notenda, hvernig má auka valdeflingu?

Ásta Þórdís Skjalddal, samhæfingarstjóri PEPP-samtaka fólks í fátækt.

4. Er ávinningur af auknu samstarfi félagasamtaka sem sinna aðstoð?

Eydís Ösp Eypórsdóttir, stjórnarmeðlimur í Velferðarsjóði Eyjafjarðarsvæðis, kynnir fyrir hönd samstarfsaðila um matar- og fjárhagsaðstoð hjá Eyjafjarðarsvæðinu

5. Ný áætlun gegn matarsóun. Eru búðir/matarbankar snjöll leið?

- Guðmundur B. Ingvarsson, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, kynnir aðgerðir 7, 10, 19, 23 og 24 í áætluninni Minni matarsóun - Aðgerðaráætlun gegn matarsóun, frá 24. september 2021.
- Raket Garðarsdóttir, stofnandi Vakandi, samtaka um aukna vitundarvakningu varðandi sóun matvæla.
- Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur Samtaka verslunar og þjónustu, fjalla um hugmyndir um búðir/matarbanka með mjög ódýrum/ókeypis mat.

6. Umræða á borðum:

1. Hvernig má taka meira tillit til óska notenda úr skýrslunni?
2. Er vilji til að auka samráð milli félagasamtaka og þá hvernig?
3. Er snjallt að koma upp sérstökum verslunum með ódýrum/ókeypis mat?
4. Hvernig verður fyrirkomulag aðstoðar eftir 10 ár?

7. Lokaorð og málþingi slitið.

Vilborg Oddsdóttir, formaður sárafátæktarhóps Velferðarvaktar.

Málþingið var fjölmennt og kraftmikið. Þar komu m.a. fram að 8-10% af losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu verði til vegna matvæla sem nýtast ekki til manneldis.

Ofangreindar kannanirnar og niðurstaða hringborðsumræðna á málþinginu eiga að geta nýst stjórnvöldum við stefnumótun og þróun aðstoðar við fólk sem stendur höllum fæti.

2.2.2 Rannsókn á brotthvarfi og námstöfum á framhaldsskólastigi

Síðla árs 2019 fól Velferðarvaktin Kolbeini Stefánssyni, félagsfræðingi, að rannsaka og vinna skýrslu um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi. Helgi E. Eyjólfsson, sérfræðingur á skrifstofu mennta- og vísindamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kom einnig að rannsókninni. Rannsóknin snerist um greiningu gagna Hagstofu Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis er varða brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi þar sem horft var til félagslegs og efnahagslegs bakgrunns nemenda ásamt námsárangri á grunnskólastigi með það fyrir augum að kortleggja þætti sem spá fyrir um brotthvarf og námstafir.

Á fundi Velferðarvaktar þann 11. janúar 2022 kynntu Kolbeinn og Helgi helstu niðurstöður rannsóknarinnar og kom skýrslan Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum út í kjölfarið. Skýrslan benti til þess að brotthvarf sé birtingarmynd ójafnra tækifæra í íslensku samfélagi. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að menntun foreldra og heildartekjur fjölskyldunnar eru helstu áhrifaþættir þegar kemur að brotthvarfi og námstöfum. Þá kom einnig skýrt fram að það að búa hjá einstæðu foreldri við sextán ára aldur og að eiga foreldri með örorkumat eykur almennt líkurnar á brotthvarfi, dregur úr líkum á endurkomu í nám og eykur líkurnar á endurteknu brotthvarfi.

Málþing: Brotthvarf úr skólum – birtingarmynd ójafnra tækifæra

Velferðarvaktin stóð fyrir málþingi í samvinnu við félags- og vinnamarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið á Grand Hótelu þann 15. mars undir yfirskriftinni *Brotthvarf úr skólum – birtingarmynd ójafnra tækifæra?* þar sem rannsóknarskýrslan var kynnt.

Dagskrá:

1. Málþing sett – Salbjörg Bjarnadóttir, formaður barnahóps Velferðarvaktar.

Ávarp: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra.

2. Kynning á niðurstöðum skýrslunnar *Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum.*

Kolbeinn H. Stefánsson, félagsfræðingur og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur.

3. Viðbrögð við tillögum skýrslunnar.

- Andrea Jónsdóttir, forseti Sambands íslenskra framhaldsskólanema.
- Nichole Leigh Mosty, forstöðumaður Fjölmenningsseturs.
- Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands.
- Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, samhæfingarstjóri PEPP - samtaka fólks í fátækt.

4. Pallborðsumræður um skýrsluna með áherslu á tillögur hennar og næstu skref.

- Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.
- Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Ragnar Þór Pétursson, formaður Kennarasambands Íslands.
- Jónína Kárdal, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa.
- Steinunn Bergmann, formaður Félagsráðgjafafélags Íslands.

5. Lokaorð.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.

6. Málþingi slitið.

Sigurveig Gunnarsdóttir, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Að loknu málþingi var birt [frétt](#) á vefvæði Velferðarvaktar þar sem finna má upptöku af málþinginu og glærुकynningar skýrsluhöfunda.

Tillaga Velferðarvaktarinnar:

Undirhópar Velferðarvaktar fjölluðu um skýrsluna í kjölfar kynninga og málþings. Lagt var til að Velferðarvaktin gerði tillögur um úrbætur, sem fram komu í skýrslunni, að sínum. Var það samþykkt að tilteknum nokkrum athugasemdum fulltrúa á fundi Velferðarvaktar þann 5. apríl 2022.

Tillögur til úrbóta á grunnskólastigi en þær eru:

- *Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu fyrir börn til að greina þá þætti sem hamla námsgetu og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.*
- *Koma á upplýsinga- og eftirfylgniskerfi sem fylgist með afdrifum nemenda eftir grunnskóla og tryggir samfellu í stuðningsúrræðum á milli grunn- og framhaldsskóla.*
- *Efla vitund og ábyrgð grunnskóla á brotthvarfi nemenda 1-3 árum eftir lok grunnskóla með upplýsingamiðlum um brotthvarf nemenda til sveitarfélaga og grunnskóla innan þeirra.*
- *Gera athugun á því hvort fýsilegt sé að hanna forspárlíkan fyrir brotthvarf byggt á námsárangri í 7.-8. bekk svo grunnskólar geti hafið snemmtæka íhlutun til að vinna gegn brotthvarfi.*

Tillögur til úrbóta á framhaldsskólastigi:

- *Koma á skimunartólum á grundvelli skráargagna skólanna og tölfraeðilíkana/vélnámslíkana (e. machine learning) til að framhaldsskólar geti unnið gegn líklegu brotthvarfi nemenda og veitt þeim viðeigandi aðstoð.*
- *Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu til að greina þá beinu þætti sem tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu sem auka líkur á brotthvarfi og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.*

Erindi var sent á félags- og vinnumarkaðsráðherra, mennta- og barnamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga. Eftirfarandi bréf var sent félags- og vinnumarkaðsráðherra:

Reykjavík, 7. apríl 2022

Ágæti ráðherra.

Velferðarvaktin hefur fjallað um rannsóknarskýrsluna *Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum*, sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið komu að og Velferðarvaktin gaf út í janúar sl. Skýrsluna unnu Kolbeinn H. Stefánsson, félagsfræðingur og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur.

Velferðarvaktin tekur undir eftirfarandi tillögur sem fram koma í skýrslunni og beinir því til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að unnið verði að framgangi þeirra undir forystu mennta- og barnamálaráðherra, samhliða þeirri vinnu sem nú fer fram varðandi skóla- og félagsmál á vegum stjórnvalda. Tillögurnar eru:

Fyrir grunnskólastigið:

- *Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu fyrir börn til að greina þá þætti sem hamla námsgetu og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.*
- *Koma á upplýsinga- og eftirfylgniskerfi sem fylgist með afdrifum nemenda eftir grunnskóla og*

tryggir samfellu í stuðningsúrræðum á milli grunn- og framhaldsskóla.

- Efla vitund og ábyrgð grunnskóla á brotthvarfi nemenda 1-3 árum eftir lok grunnskóla með upplýsingamiðlum um brotthvarf nemenda til sveitarfélaga og grunnskóla innan þeirra.

- Gera athugun á því hvort fýsilegt sé að hanna forspárlíkan fyrir brotthvarf byggt á námsárangri í 7.-8. bekk svo grunnskólar geti hafið snemmtæka íhlutun til að vinna gegn brotthvarfi.

Fyrir framhaldsskólastigið:

- Koma á skimunartólum á grundvelli skráargagna skólanna og tölfraðilíkana/vélnámslíkana (e. machine learning) til að framhaldsskólar geti unnið gegn líklegu brotthvarfi nemenda og veitt þeim viðeigandi aðstoð.

- Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu til að greina þá beinu þætti sem tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu sem auka líkur á brotthvarfi og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.

Sambærilegt erindi er sent á mennta- og barnamálaráðherra. Þá hefur Velferðarvaktin einnig óskað eftir því að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fari yfir tillögurnar og kynni þær sveitarfélögum.

Fyrir hönd Velferðarvaktarinnar,

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar.

2.2.3 Rannsókn á stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki saman lögheimili

Á fundum Velferðarvaktar hefur reglulega komið upp umræða um stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki saman lögheimili. Rætt hefur verið um stöðu umgengnisforeldra og fjölskyldna þeirra, en sú staða hefur ekki verið rannsökuð að neinu marki hérlendis. Á seinni hluta árs 2021 var því ákveðið að kanna möguleika á framkvæmd slíkrar rannsóknar.

Í lok árs 2021 var ákveðið að hefja undirbúning að rannsókn á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og Velferðarvaktarinnar á stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki lögheimili saman. Rannsóknin er unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og við undirbúning hennar var leitað til hagaðila þ.m.t. Félags um foreldrajafnrétti, Umboðsmanns barna, PEPP-samtaka fólks í fátækt, Félagsráðgjafafélags Íslands og fleiri sérfræðinga. Félag um foreldrajafnrétti hefur átt mikið samstarf við fulltrúa Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Velferðarvaktar við vinnslu rannsóknarinnar og hafa fulltrúar félagsins veitt mikilvæga ráðgjöf í ferlinu.

Könnunin verður lögð fyrir tilviljunarúrtak umgengnisforeldra, þ.e. foreldra sem eiga börn en deila ekki lögheimili með þeim. Í rannsókninni er meðal annars leitast við að athuga hvort og þá hvernig fjárhagur umgengnisforeldra hafi áhrif á samveru og samband við börnin og kostnaðarþátttöku í uppeldi barnanna s.s. við íþrótt- og tólmstundaiðkun. Gert er ráð fyrir að rannsóknin verði lögð fyrir snemma árs 2023 og niðurstöður verði birtar á vormánuðum 2023.

2.3 Félagsvísar og hefti

Að frumkvæði Velferðarvaktarinnar hafa félagsvísar, samsafn ýmiss konar mikilvægra samfélagslegra mælinga, verið gefnir út af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Hagstofu Ísland frá 2012. Markmið vísanna er að auðvelda almenningi og stjórnvöldum að fylgjast með samfélagslegri þróun. Félagsvísur er ætlað að mæla þætti sem eru í eðli sínu mikilvægir fyrir líf fólks og hafa bein áhrif á félagslega velferð þeirra. Fjallað er ítarlega um þróun félagsvísa í síðustu stöðuskýrslu Velferðarvaktar. Eins og þar kemur fram hafa félagsvísar verið endurskoðaðir. Þróun verkefnisins hefur ekki verið sem skyldi og hafa því félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Hagstofan og formaður Velferðarvaktar átt samtöl til að ná fram breytingum til bóta. Er þess vænst að á fyrri hluta árs 2023 verði birtingarmynd félagsvísa gerð læsilegri á vef Hagstofunnar en nú er. Þá hafa verið regluleg samtöl milli aðila um innihald sérhefta félagsvísa þannig að þau geti nýst sem best við vöktun og stefnumótun. Eftirtaldir félagsvísar og hefti, sem gagnast Velferðarvaktinni, hafa verið gefin út á tímabilinu.

- *Félagsvísar: Sérhefti um lágtekjumörk og skort á efnislegum gæðum á meðal barna á Íslandi (september 2022 – á vef Hagstofunnar).*
- *Hefti um NEET hópinn sem er ekki í vinnu, námi eða starfsþjálfun (e. Not in Employment, Education or Training, NEET).*
- *Hefti um hlutfall heimila sem bjuggu við íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2021.*
- *Hefti um mun á lífskjörum eftir stöðu á húsnæðismarkaði árið 2021.*
- *Félagsvísar: Sérhefti um fjárhag heimilanna.*
- *Félagsvísar, 7. útgáfa, apríl, 2021, bráðabirgðaútgáfa.*

Félagsvísar sýna þróun efnahagslegrar stöðu

Til að fylgjast með velferð efnalítilla fjölskyldna og þeirra sem búa við sárafátækt hefur Velferðarvaktin stuðst við félagsvísa og aðrar tölulegar upplýsingar m.a. frá Hagstofunni.

Ekki eru til opinber viðmið um fátækt á Íslandi, en helst hefur verið notast við skilgreiningu á lágtekjumörkum sem miða við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 8,9% íbúa undir lágtekjumörkum árið 2021. Árin á undan voru sambærilegar tölur þessar: 8% fyrir 2020, 9,6% fyrir 2019, 9% fyrir 2018, 10,3% fyrir 2017 og 8,8% fyrir 2016.

Árið 2021 voru 10,4% heimila með börn undir lágtekjumörkum. Árin á undan voru sambærilegar tölur þessar: 9,8% fyrir 2020, 11,4% fyrir 2019, 10% fyrir 2018, 11,4% fyrir 2017 og 10% fyrir 2016.

Þá var hlutfall einstæðra foreldra undir lágtekjumörkum 24,6% árið 2021. Árin á undan voru sambærilegar tölur þessar: 16,5% fyrir 2020, 22,7% fyrir 2019, 24% fyrir 2018, 27,8% fyrir 2017 og 26,9% fyrir 2016.

Velferðarvaktin hefur stuðst við þá skilgreiningu að sárafátækt samsvari þeim hópi sem Hagstofan mælir í lífskjararannsókn sinni að búi við verulegan skort á efnislegum gæðum, en mælingin „skortur á efnislegum gæðum“ var þróuð af evrópsku hagstofunni Eurostat með það fyrir augum að bregðast við vissum

annmörkum tekjumælinga á fátækt. Á vef Hagstofu má finna skilgreiningarnar. Fólki telst búa við efnislegan skort ef það býr á heimili þar sem þrennt af eftirfarandi á við. Fólki telst á sama hátt búa við verulegan skort á efnislegum gæðum ef það býr á heimili þar sem fernt eða meira af eftirfarandi á við:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 180 þúsund krónur árið 2018).
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

Lífskjararannsókn Hagstofunnar sýnir að hlutfall heimila sem bjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum og Velferðarvaktin skilgreinir að búi við sárafátækt var 0,8% árið 2021. Árin á undan voru sambærilegar tölur þessar: 1,9% fyrir 2020 og 2019, 1% fyrir 2018, 1,9% fyrir 2017 og 2,5% fyrir 2016.

Þegar litið er til skorts á efnislegum gæðum reyndust 3,7% einstaklinga búa við skort árið 2021.

Hlutfallslega fáir búa við skort á efnislegum gæðum á Íslandi í evrópskum samanburði og á það einnig við um hin Norðurlöndin. Hlutfall íbúa sem bjó við efnislegan skort var 13,3% í ríkjum Evrópusambandsins árið 2020 (tölur 2021 ekki komnar á netið), hlutfallslega fæstir á Íslandi (3,5%) en flestir í Albaníu (48,7%). Sambærilegar tölur voru 4,5% í Noregi, 5% í Svíþjóð, 6,6% í Danmörku og 7,6% í Finnlandi.

Þótt lífskjör á Íslandi eru almennt talin góð, í samanburði við þær þjóðir sem við viljum helst bera okkur saman við, býr ákveðinn hópur landsmanna, bæði fullorðnir og börn, við kröpp kjör. Sá hópur þarf stuðning til að komast betur af og til að auka framtíðarlíkur á að börn festist ekki í fátækt heldur geti notið góðra tækifæra til menntunar, þroska og aukins félagslegs hreyfanleika.

3. Fundir Velferðarvaktarinnar 2021-2022

Velferðarvaktin hélt 14 almenna fundi fyrir alla fulltrúa á tímabilinu, 7 árið 2021 og 7 árið 2022. Þar að auki funduðu undirhópar Velferðarvaktarinnar þ.e. sárafátæktarhópurinn og barnahópurinn, eftir þörfum.

Þema funda Velferðarvaktarinnar á tímabilinu voru m.a. afleiðingar COVID-19 faraldursins, matarúthlutanir og aðstoð hjálparsamtaka, málefni barna, ungmenna, eldri borgara, innflytjenda, flóttafólks og heimilislausra.

Heimsfaraldur COVID-19 setti áfram svip sinn á störf Velferðarvaktarinnar á þessu tímabili eins og því fyrra. Allir fundir framan af á tímabilinu voru fjarfundir (Teams). Á seinni hluta tímabilsins voru þrír fundir með öðrum hætti. Þann 24. maí 2022 heimsótti Velferðarvaktin Hjálpræðisherinn á Suðurlandsbraut 72 og hélt þar staðfund. Síðan þá hafa fundirnir verið staðfundir, haldnir í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu í Síðumúla 24, með möguleika á fjarfundi fyrir þau sem það kjósa. Velferðarvaktin fundar að jafnaði á 6 vikna fresti í 2-3 klukkustundir í senn. Vaktin hefur á hverjum tíma fengið til sín fjölbreyttan hóp gesta í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á þau málefni sem hafa verið til skoðunar. Þá hafa fulltrúar í Velferðarvaktinni kynnt það starf sem fram fer í baklandi þeirra.

3.1 Fundargerðir Velferðarvaktarinnar

59. fundur Velferðarvaktarinnar

haldinn á Teams - 22. nóvember 2022 kl. 13.15-15.00.

1. Þjónusta við fólk með heilabilun og leiðir til að draga úr beitingu nauðungar á hjúkrunarheimilum.

- **Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimer samtakanna.**
Vilborg ræddi um framfarir í þjónustunni við fólk með heilabilun á síðustu árum. Vilborg kynnti m.a. Seigluna, sem er fyrsta þjónustuúrræðið eftir greiningu heilabilunar. Markmið Seiglunnar er að hægja á framþróun sjúkdómsins með því bjóða upp á sérhæfða, einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem aðstoð er veitt við að byggja upp og viðhalda vitrænni, líkamlegri og félagslegri getu og andlegri vellíðan. Núna eru um 70 einstaklingar skráðir í Seigluna. Rætt var um að huga mætti betur aðstandendum og stuðningi við þau.
- **Jórunn Frímannsdóttir, forstöðumaður Droplaugastaða.**
Droplaugastaðir er fyrir einstaklinga sem fengið hafa færni- og vistunarmat og þurfa daglega hjúkrun og aðhlyningu.
- **Sigurður Kári Árnason, yfirlögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.**
Sigurður ræddi um lagaumgjörð og væntanlegar breytingar varðandi beitingu nauðungar í heilbrigðisþjónustu. [Glærur](#).

2. Aðstoð hjálparsamtaka. Hver er staðan? Hafa orðið breytingar, hverjar?

Fulltrúar hjálparsamtaka ræddu um stöðuna innan sinna samtaka.

- **Fjölskylduhjálp Íslands - Ásgerður Jóna Flosadóttir.**
Mikil aðsókn er í aðstoð samtakanna. Frá 1. mars -1. september sl. hafa samtökin úthlutað 7000 matargjöfum. Samtökin veita einnig aðstoð á

Suðurnesjum. 70% þeirra sem leita aðstoðar er fólk af erlendum uppruna.

- **Hjálparstarf kirkjunnar - Vilborg Oddsdóttir.**
Eftirspurn eftir aðstoð dróst saman í sumar en er nú aftur að aukast. 40% þeirra sem leita til eftir aðstoð eru með erlent ríkisfang. Meira er um netumsóknir og fær fólk þá úthlutað tíma með sms smáskilaboðum. Samstarf er á milli Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins, Rauða krossins og Mæðrastyksnefndar Eyjafjarðar, Sjóðsins góða (Suðurland) og Velferðarsjóðs Suðurnesja. Ýmis önnur verkefni í gangi.
- **Hjálpræðisherinn - Ingvi Kristinn Skjaldarson.**
250 einstaklingar koma í hádegismat í daglega. Aukin þörf er á aðstoð í Reykjanesbæ, einkum meðal einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd og flóttafólks. Boðið er upp á ýmis virkniúrræði fyrir fólk. Ingvi sagði frá samstarfsverkefni Hjálpræðishersins og Samkaupa gegn matarsóun.
- **Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur - Anna Pétursdóttir.**
Anna upplýsti að margar umsóknir væru nú komnar vegna jólaaðstoðar. Mikil aukning hefði verið meðal fólks frá Úkraínu og Venesúela.

3. Helstu áskoranir gegn ofbeldi á Íslandi.

Eygló Harðardóttir, verkefnastjóri aðgerða gegn ofbeldi hjá Ríkislögreglustjóra, kynnti helstu niðurstöður fyrsta landsamráðsfundar gegn ofbeldi og leiðir til að fást við afleiðingar þess sem fram fór þann 9. nóvember sl. Meginþemu fundarins voru annars vegar börn og ungmenni og hins vegar heimilis- og kynferðisofbeldi. Eygló sagði einnig frá þróun á fjölda tilkynninga til lögreglu um ofbeldisbrot. [Glærur.](#)

4. Örkynningar.

- VIRK starfsendurhæfingarsjóður - Eysteinn Eyjólfsson.

5. Önnur mál.

58. fundur Velferðarvaktarinnar

haldinn í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og á Teams
11. október 2022 kl. 13.15-15.00.

1. Endurskoðun örorkulífeyriskerfisins.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, sagði frá þeirri vinnu sem framundan er við endurskoðun örorkulífeyriskerfisins.

Klara Briem, verkefnisstjóri í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, kynnti vinnu [sérfræðingateymis](#) sem kemur að endurskoðuninni ásamt Ólafi Elínarsyni, aðstoðarmanni ráðherra.

Þuríður Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, kynnti væntingar Öryrkjabandalagsins til endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins. Þær væntingar felast m.a. í því að örorkulífeyrir verði hækkaður í að lágmarki 500 þúsund krónur, grunnlífeyri verði breytt þannig að hann verði skatta- og skerðingalaus, tækifæri verði sköpuð fyrir þá sem geta unnið t.d. með fjölbreyttari hlutastörfum og að endurhæfingáurræðum verði fjölgað.

2. Hverjir sækja sér nú þjónustu umboðsmanns skuldara?

Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara, kynnti stöðu og þróun mála hjá embættinu, samsetningu hópsins sem leitar aðstoðar hjá embættinu um þessar mundir o.s.frv. [Glærur](#).

3. Þróun starfsemi móttökumiðstöðvar fyrir flóttafólk.

Gylfi Þór Þorsteinsson, aðgerðarstjóri í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, kynnti stöðuna í málefnum flóttafólks, hvernig gengi að koma fólki fyrir o.s.frv. Gylfi sagði m.a. frá því að opnuð hefur verið fjöldahjálparstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd en mikil fjölgun hefur orðið á komu flóttafólks til landsins, meðal annars vegna átakanna í Úkraínu, samhliða skorti á íbúðarhúsnæði fyrir flóttafólk. Um 90 manns hafa nýtt úrræðið en um er að ræða tímabundið úrræði í að hámarki 3 sólarhringa eða þar til fólk kemst í annað úrræði á vegum annað hvort Vinnuálastofnunar eða sveitarfélaga.

4. Önnur mál.

57. fundur Velferðarvaktarinnar

haldinn í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og á Teams

30. ágúst 2022 kl. 9.15-11.00.

1. Rannsókn á stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki lögheimili saman.

Ari Klængur Jónsson, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, kynnti rannsókn sem er nú að fara af stað á stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki lögheimili saman. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið stendur að gerð rannsóknarinnar í samvinnu við Velferðarvaktina. Gagna verður aflað með spurningakönnun sem lögð verður fyrir tilviljunarúrtak foreldra af landinu öllu, sem eiga börn en deila ekki lögheimili með þeim. Í rannsókninni verður meðal annars leitast við að athuga hvort og þá hvernig fjárhagur þeirra hafi áhrif á samveru og samband við börnin, kostnaðarþátttöku í uppeldi barnanna s.s. við íprótta- og tómstundaiðkun. [Glærur](#).

2. Samhæfing námsframboðs og atvinnutækifæra hjá þroskahjálpar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, verkefnastjóri hjá Þroskahjálpar kynnti verkefni á vegum Þroskahjálpar sem lýtur að því að samhæfa upplýsingar um námsframboð og atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk. Verkefnið er stutt af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og mennta- og barnamálaráðuneytinu og er einn liður í stefnu stjórnvalda að fjárfesta í fólki og fjölga markvisst atvinnutækifærum einstaklinga með mismikla starfsgetu. [Glærur](#).

3. Heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk til að auka lífsgæði.

Berglind Magnúsdóttir, verkefnastjóri í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, kynnti vinnu sem stendur nú yfir á endurskoðun á þjónustu við eldra fólk í landinu. Þjónustan heyrir í dag undir þrjú ráðuneyti og hluti hennar undir sveitarfélögin en meginmarkmiðið er að tryggja eldra fólki samhæfða þjónustu við hæfi, á réttu þjónustustigi og á réttum tíma hvort sem um er að ræða stuðningsþjónustu á vegum sveitarfélaga eða heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins. Skipuð hefur verið verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að leiða vinnu við heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, að stuðla að samvinnu og samhæfingu á milli ráðuneyta, sveitarfélaga og annarra þjónustuaðila, forgangsraða og útfæra tímasett markmið í aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem lögð verði fram á Alþingi vorið 2023. [Glærur](#).

4. Velferð, líðan og hagir barna og ungmenna á landinu, með áherslu á andlega heilsu.

Ársæll Már Arnarsson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, kynnti niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar um velferð, líðan og hagi barna og ungmenna á landinu, með áherslu á andlega heilsu en markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til að styðja við stefnumótun.

5. Örkynningar:

- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands - Sigurveig H. Sigurðardóttir
- Mannréttindaskrifstofa Íslands - Margrét Steinarsdóttir

6. Önnur mál.

56. fundur Velferðarvaktarinnar

haldinn hjá Hjálpræðishernum, Suðurlandsbraut 72, 24. maí 2022 kl. 13.15-15.00.

1. Kynning á starfsemi Hjálpræðishersins.

Ingví Skjaldarson kynnti starfsemi Hjálpræðishersins.

2. Málefni heimilislausra með fjölþættan vanda.

Soffía Hjördís Ólafsdóttir, deildarstjóri málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir, kynnti stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra og hvernig borgin þjónustar heimilislausu einstaklinga með fjölþættan vanda. [Glærur](#).

3. Starfsemi Konukots.

Kristín I. Pálsdóttir, talskona og framkvæmdastjóri Rótarinnar, sagði frá starfsemi Konukots sem er neyðarskýli fyrir húsnæðislausar konur og trans fólk í Reykjavík. Konukot er rekið af Rötinni samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Í Konukoti er unnið eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og áhersla lögð á að mæta þörf þeirra kvenna sem nýta úrræðið. [Glærur](#).

4. Starfsemi Frú Ragnheiðar og Ylju.

Kristín Davíðsdóttir, teymisstjóri í skaðaminnkun hjá Rauða krossinum, kynnti starfsemi Frú Ragnheiðar og kynnti einnig neyslurýmið Ylju. Ylja er fyrsta neyslurýmið hér á landi þar sem fólk, 18 ára og eldra, býðst að sprauta sig með vímuefnum í æð í öruggu umhverfi undir leiðsögn frá heilbrigðismenntuðum aðila. Markmið Ylju eru því að lágmarka þörf einstaklinga til að neyta vímuefna á almannafæri og þannig koma í veg fyrir þann skaða sem vímuefnaneysla í óöruggum aðstæðum getur haft í för með sér. [Glærur](#).

5. Örkynningar og önnur mál:

- Sjónarhóll

Lára Guðrún Magnúsdóttir og Inga Aronsdóttir kynntu starfsemi Sjónarhóls. Sjónarhóll er óháð ráðgjafarmiðstöð sem vinnur að því að styrkja og efla einstakar fjölskyldur. Megintilgangur þjónustunnar er að börn og fjölskyldur þeirra geti nýtt sér almenna lögbundna þjónustu og komist í samband við önnur úrræði sem gætu gagnast þeim. Áhersla er lögð á að hjálpa foreldrum að greina

þarfir sínar og barns, efla og nýta sín eigin bjargráð með því að styðja þau að sjálfstæði og að lokum að fræða foreldra um þau þjónustuúrræði sem gætu gagnast þeim.

- **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**

Viðar Helgason, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, fór yfir samantekt fjárveitinga til sérstakra verkefna á sviði félagslegs stuðnings á tímum Covid-19 faraldursins árin 2020-2022. [Samantekt](#) fjárveitinga til sérstakra verkefna á sviði félagslegs stuðnings á tímum COVID 2020-2022 (Nýju verkefni vegna verðbólgu eru lituð í skjalinu)

6. Kynning á nýju húsnæði Hjálpræðishersins.

Í lok fundar var fundargestum boðið upp á skoðunarferð um nýtt húsnæði Hjálpræðishersins að Suðurlandsbraut 72 undir leiðsögn Hjördísar Kristinsdóttur og Ingva Skjaldarsonar.

55. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

5. apríl 2022 kl. 13.15-15.00.

1. Móttaka flóttafólks frá Úkraínu.

Gylfi Þór Þorsteinsson, formaður aðgerðateymis og aðgerðarstjóri á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, kynnti störf sérstaks aðgerðateymis sem skipuleggur móttöku flóttafólks frá Úkraínu. Fjöldi flóttamanna sem komið hefur hingað til lands það sem af er ári er 1006, þar af eru 613 frá sem flúið hafa frá Úkraínu vegna stríðsátaka.

Linda Rós Alfreðsdóttir og Áshildur Linnet, sérfræðingar á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, kynntu hvað virkjun 44 gr. útlendingalaga felur í sér. Einnig kynntu þær starfsemi nýrrar móttökumiðstöðvar umsækjenda um alþjóðlega vernd sem staðsett er í Domus Medica en þar er lagt upp með að öll þjónusta við umsækjendur verði á einum stað. Miðstöðin var sett á fót vegna flóttamannastraumsins frá Úkraínu en þjónustar allt flóttafólk. Þá var Nichole Leigh Mosty, forstöðumaður Fjölmeningarseturs, með erindi varðandi búsetumál flóttafólks sem kemur hingað til lands, en það er mikil áskorun að finna húsnæði fyrir flóttafólk vegna skorts á húsnæði um land allt. Fram kom að ef það vantar úkraínskumælandi eða rússneskumælandi starfsfólk í tímabundnar ráðningar þá er hægt að hafa samband við Fjölmeningarsetrið.

Donata Honkovicz Bukowska, sérfræðingur hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu, sagði frá því hvernig verið er að undirbúa skólagöngu barna sem koma frá Úkraínu. [Glærur](#).

2. Aðgerðir sem miða að NEET hópnum.

Klara Baldursdóttir Briem, lögfræðingur á skrifstofu vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu kynnti aðgerðir sem miða að því að koma NEET hópnum (ungt fólk sem er hvorki í námi né vinnu), í virkni. Í þessu samhengi er lykilatriði að öll kerfi tali saman og veiti sem fyrst þá þjónustu sem einstaklingar þurfa á að halda. [Glærur](#).

3. Örkynningar úr baklandinu:

- Dómsmálaráðuneytið - Elísabet Linda Þórðardóttir

Kynntar voru breytingar á barnalögum sem tóku gildi um síðustu áramót. Helstu nýmæli og breytingar á barnalögum eru: a) ný heimild til að semja um skipta búsetu barns, b) kveðið er á um með skýrari hætti til hvaða sjónarmiða skuli líta við gerð samninga foreldra um forsjá, búsetu og umgengni, c) nýtt ákvæði er sett um að barn geti haft frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til viðtals, d) skýrari ákvæði koma fram um rétt barns til að tjá sig og e) breyting er gerð á ákvæðum um framfærslu og meðlag með áherslu á aukið samningsfrelsi foreldra.

Þá hefur verið endurútgefin handbók um barnalögin.

Val foreldra. [Glærur](#).

Forsjá búseta samanburður. [Glærur](#).

- **Reykjavíkurborg – Kristjana Gunnarsdóttir.**

Kynnt var ný velferðarstefna Reykjavíkurborgar sem gildir til ársins 2030. Kynnt var nýtt Virkniús þar sem einstaklingar geta nálgast fjölbreyttar leiðir í endurhæfingu fyrir þátttöku á vinnumarkaði eða í átt til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu.

4. Tillögur úr skýrslu um brotthvarf úr framhaldsskólum.

Tillaga sárafátæktarhóps Velferðarvaktar um að Velferðarvaktin geri tillögur úr skýrslunni um brotthvarf úr framhaldsskólum að sínum var samþykkt að tilteknum nokkrum athugasemdum fulltrúa.

5. Önnur mál

54. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

22. febrúar 2022 kl. 13.15-15.00.

1. Forvarnir og vitundarvakning gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra, ávarpaði fundinn og sagði frá sínum helstu áherslum varðandi aðgerðir gegn ofbeldi í samfélaginu en meðal hans fyrstu verka sem ráðherra var að setja á stofn starfshóp um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Ráðherra sagði einnig frá öðrum verkefnum sem verið er að vinna að á þessu sviði þ.m.t. aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi gegn börnum og ungmennum og sérstöku verkefni sem lýtur að því að þróa varanlegan stuðning við börn í viðkvæmri stöðu til að draga úr líkum á ofbeldisbrotum þeirra. Þá hefðu stjórnvöld aukið fjármagn til málaflokksins sem hefði skilað sér í auknum og markvissari aðgerðum gegn ofbeldi, ekki síst til almennrar vitundarvakningar í samfélaginu um ofbeldi.

Ríkislögreglustjóri, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, leiðir framangreindan starfshóp um forvarnir og vitundarvakningu gegn kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og áreitni og sagði hún frá helstu verkefnum starfshópsins. [Glærur](#).

2. Taktu skrefið – kynning.

Anna Kristín Newton, sálfræðingur, kynnti Taktu skrefið sem er nýtt þjónustuúrræði fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt kynferðisofbeldi. Slíkt úrræði hefur ekki verið til staðar hér á landi, nema fyrir börn og ungmenni, en verkefnið er að breskri fyrirmynd og að baki því stendur teymi sálfræðinga sem búa yfir reynslu og þekkingu á þessu sviði. Inni á

www.taktuskrefid.is er einnig að finna sjálfshjálpar- og fræðsluefni. Verkefnið er styrkt af félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

3. Heimilisfriður – kynning.

Andrés P. Ragnarsson, sálfræðingur, kynnti Heimilisfrið sem býður upp á sérhæfða sálfræðipjónustu fyrir fólk sem beitt hefur maka sína ofbeldi. Þjónustunni er ætlað að draga úr líkum á frekari ofbeldishegðun með því að veita fólki aðstoð við að þróa leiðir til að takast á uppbyggilegan hátt á við ágreining og erfiðleika í samskiptum. Heimilisfriður hefur um árabil sérhæft sig í meðferðum fyrir gerendur ofbeldis og er áhersla lögð á að fólk hafi sjálft frumkvæði að því að leita sér aðstoðar, viðurkenni ábyrgð og sé tilbúið til þess að breyta hegðun sinni. Andrés sagði frá því að mikil ásókn hefði verið í þjónustu Heimilisfriðar undanfarin ár sem jókst enn frekar í heimsfaraldrinum.

4. Upplýsingasöfnun um bið barna eftir þjónustu tiltekinna aðila.

Salvör Nordal, umboðsmaður barna, kynnti nýtt verkefni sem lýtur að reglulegri upplýsingasöfnun umboðsmanns barna um bið barna eftir þjónustu hjá eftirfarandi aðilum: Barnahúsi, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, þroska- og hegðunarstöð, Ráðgjafar- og greiningarstöð og BUGL. Markmiðið er að hafa yfirsýn yfir stöðuna á einum stað en gert er ráð fyrir að embættið kalli eftir þessari tölfræði og birti tvisvar á ári.

5. Örkygningar úr baklandinu:

- **Heimili og skóli - Sigrún Edda Eðvarðsdóttir.**
Sigrún kynnti starfsemi samtakanna en þau veita ráðgjöf og stuðning til foreldra og foreldrasamtaka um allt land og gefa m.a. út fjölbreytt fræðsluefni til stuðnings við foreldra. Heimili og skóli reka einnig SAFT netöryggisverkefnið en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskylda og tækni og er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi.
- **Samband íslenskra sveitarfélaga - María Ingibjörg Kristjánsdóttir.**
María sagði frá helstu verkefnum sambandsins um þessar mundir. Sambandið vinnur einkum að eflingu íslenskra sveitarfélaga og að hvers konar hagsmunamálum þeirra. Um þessar mundir eru sveitarfélög enn að glíma við ýmsar áskoranir vegna Covid-19 faraldursins. Má þar t.d. nefna mönnunarvanda sem verið hefur víða s.s. á sambýlum og hjúkrunarheimilum. Þá er verið að vinna að ýmsum öðrum verkefnum þ.m.t. stefnumörkun til 4 ára og einnig er stórt skólaþing framundan þar sem farið verður sérstaklega yfir hvernig til hefur tekist síðustu 25 ár þegar grunnskólar voru færðir frá ríki til sveitarfélaga.

6. Önnur mál:

- Formaður sagði frá rannsókn, sem nú er í undirbúningi hjá Félagsvísindastofnun, á stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki saman lögheimili.
- Skýrsla um brottvarf verður kynnt á málþingi á Grand hóteli 15. mars. Gert er ráð fyrir pallborði þar sem viðbrögð við skýrslunni verða rædd.

53. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

11. janúar 2022 kl. 13.15-15.00.

1. Heimsókn félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, nýr félags- og vinnumarkaðsráðherra, var gestur fundarins. Ráðherra sagði frá sínum helstu áherslumálum sem öll ríma vel við þá umræðu sem hefur verið að eiga sér stað innan Velferðarvaktarinnar.

Meðal helstu áherslumála ráðherra eru endurskoðun á örorkulífeyriskerfinu með það að markmiði að gera það einfaldara, gagnsærra, að það bjóði upp á meiri sveigjanleika á vinnumarkaði o.s.frv. Þá verði farið í að skoða hvernig bæta megi stöðu eldra fólks t.d. með þróun fjölbreyttari þjónustuleiða. Slíkar aðgerðir, ásamt fleirum, þurfi að skoða í samráði og samstarfi við heilbrigðisráðuneytið. Þá verði að skoða hvernig bregðast skuli við mismunandi félagslegum aðstæðum eldra fólks eins og t.d. einmanaleika og styðja betur við hinsegin eldra fólk. Ráðherra ræddi einnig um áherslu á stöðu langveikra barna og foreldra þeirra og vilja til þess að tryggja foreldrum sem missa barn sorgarlífeyri.

Fulltrúar vaktarinnar tóku vel undir þessar áherslur ráðherra og bentu á ýmislegt í þeim efnum sem taka mætti til skoðunar, sem og innan annarra málaflokka. Nefndar voru sérstaklega áhyggjur af vistun ungs fólks inni á hjúkrunarheimilum, skort á félagslegum stuðningi við 16-18 ára börn, félagslega stöðu fatlaðs fólks og stöðu heimsmarkmiða um fátækt.

2. Skólaforðun.

Hákon Sigursteinsson, sérfræðingur á skóla, frístunda- og velferðarsviði Reykjavíkurborgar, kynnti verkefni sem borgin hefur verið að þróa síðustu misseri og miðar að því að draga úr skólaforðun. Í máli Hákons kom fram að skólaforðun þarf að vakta mun betur og bregðast við með markvissum og góðum hætti. Reykjavíkurborg hefur sett sér stefnu í þessum málum og unnið að gerð viðmiða og ferla. Hákon benti einnig á verkefnið Betri borg fyrir börn sem hægt er að kynna sér nánar á vef Reykjavíkurborgar. [Glærur](#).

3. Kynning á skýrslunni *Upplifanir og reynsla ungra NEET-kvenna af erlendum uppruna*.

Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu, kynnti niðurstöður rannsóknarinnar *Upplifanir og reynsla ungra NEET-kvenna af erlendum uppruna*. Um var að ræða rýnihóparannsókn þar sem rætt var við ungar konur af erlendum uppruna sem voru eða höfðu verið í NEET-hópnum (Erlendar konur utan vinnumarkaðs og menntakerfis). Í ljós kom að þær búa við margþættar hindranir í íslensku samfélagi í gegnum kerfisbundna aðgangsstýringu og útilokun sem hvíla einna helst á tveimur tegundum hindrana þ.e. samfélagslegum og stofnanabundnum hindrunum. [Glærur](#).

4. Skýrsla um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi.

Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kynntu niðurstöður rannsóknar á brotthvarfi og námstöfum á framhaldsskólastigi sem unnin var fyrir Velferðarvaktina. Horft var til félagslegs og efnahagslegs bakgrunns nemenda ásamt námsárangri á grunnskólastigi með það fyrir augum að kortleggja þætti sem spá fyrir um brotthvarf og námstafir. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að menntun foreldra og heildartekjur fjölskyldunnar eru helstu áhrifaþættir

þegar kemur að brotthvarfi og námstöfum. Skýrslan kemur út á næstu dögum, ásamt tillögum til úrbóta.

5. Önnur mál.

52. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

9. nóvember 2021 kl. 13.15-15.00.

1. Farsæld barna.

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur í barnateymi skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu, kynnti ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem taka munu gildi 1. janúar nk. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að viðeigandi þjónustu um leið og þörf krefur og að sú þjónusta sé bæði samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra. Um er að ræða viðamiklar breytingar í barnaverndarkerfinu og er gert ráð fyrir að innleiðing laganna taki á bilinu 3-5 ár. [Glærur.](#)

2. Innleiðing farsældarlaga og verkefnið Betri borg fyrir börn.

Hákon Sigursteinsson, sérfræðingur á skóla-, frístunda- og velferðarsviði Reykjavíkurborgar kynnti hvernig Reykjavíkurborg hyggst innleiða ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, einkum með tilliti til verkefnisins Betri borg fyrir börn. Betri borg fyrir börn er þróunarverkefni sem miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi í Breiðholti en gert ráð fyrir að verði innleitt í önnur hverfi borgarinnar. [Glærur.](#)

Kynningu á sérstöku átaksverkefni Reykjavíkurborgar varðandi skólaforðun var frestað til næsta fundar.

3. NEET-hópurinn.

Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu - Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, kynnti niðurstöður rannsóknarinnar Staða og bakgrunnur ungmenna af erlendum uppruna utan vinnumarkaðar og skóla. Niðurstöðurnar sýndu m.a. að staða erlendra ungmenna utan vinnumarkaðar og skóla hefur versnað nokkuð á síðustu árum. Það er samræmi við stöðuna á vinnumarkaði en að auki eru aðrir áhrifaþættir s.s. kyn, aldur, menntunarstig, félags- og efnahagsleg staða foreldra og fjölskyldugerð. Kynningu á skýrslunni Upplifanir og reynsla ungra NEET-kvenna af erlendum uppruna var frestað til næsta fundar. [Glærur.](#)

4. Verkefni á vegum Geðhjálp

Grímur Atlason og Sigríður Gísladóttir frá Geðhjálp kynntu verkefni sem miða að börnum og ungmennum:

- Geðlestin. Geðlestin er geðfræðsla fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla um land allt þar sem markmiðið er að ræða við ungt fólk um geðheilsu og hvernig best sé að rækta hana og vernda. Hægt er að kynna sér verkefnið nánar á vef Geðlestarinnar.
- Okkar heimur (Our time). Verkefnið Okkar heimur er verkefni að breskri fyrirmynd sem ætlað er að styðja betur við börn sem alast upp við það að eiga foreldra með geðrænan vanda en hingað til hefur þótt vera skortur á fjölbreyttari úrræðum fyrir þennan hóp barna, sem farið hefur stækkandi. Von er á sérstakri fræðslusíðu um verkefnið.

5. Örkynningar úr baklandinu:

- **Bandalag háskólamanna - Steinunn Bergmann.**
Steinunn kynnti helstu verkefni BHM sem eru regnhlífarsamtök fag- og stéttarfélaganna háskólamenntaðs fólks á íslenskum vinnumarkaði. Innan BHM eru 28 aðildarfélög með um það bil 16 þúsund félagsmenn sem starfa í ýmsum atvinnugreinum, bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði.
- **Embætti landlæknis. Salbjörg Bjarnadóttir.**
Salbjörg sagði frá helstu verkefnum sem eru í gangi einkum m.t.t. afleiðinga Covid-19 faraldursins. Áhyggjur eru af biðlistum hjá bæði proska- og hegðunarstöðinni og Greiningar- og ráðgjafarstöðinni og auk þess í sértæk teymi eins og trans teymi barna, átröskunarteymi og í geðheilsuteymi. Þá var vakin athygli á skorti á stuðningi við börn fanga.

6. Önnur mál.

Fulltrúar sárafátæktarhóps og barnahóps sögðu stuttlega frá því sem verið hefur til umfjöllunar í undirhópunum:

- Í sárafátæktarhópi hafa kjör öryrkja verið til umræðu, þar með talið tenging endurhæfingalífeyris við örorku.
- Í barnahópi er áhugi fyrir að halda málþing á vormisseri. Rætt hefur verið um stöðu barna í skólum þar með talið barna af erlendum uppruna og börn með margþættan vanda.

51. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

28. september 2021 kl. 13.15-15.00.

1. Landneminn.

Hafliði N. Skúlason og Omran Kassoumeh, sérfræðingar í flóttamannateymi Vinnuálastofnunar, kynntu verkefnið Landneminn sem er kennsluvefur í samfélagsfræðum fyrir fullorðna innflytjendur á Íslandi. Markmiðið með verkefninu er að auðvelda innflytjendum að setjast að hér á landi en verkefnið er að norski fyrirmynd. Kennsluefnið er í stöðugri þróun en það er nú aðgengilegt á 7 tungumálum. [Glærur](#).

2. Tengsl dvalarleyfis af mannúðarástæðum og atvinnuleyfis.

Jón Þór Þorvaldsson, lögfræðingur á skrifstofu vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar í félagsmálaráðuneytinu, kynnti í stuttu máli ákveðnar breytingar sem lagðar voru til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Breytingarnar lútu m.a. að því að þeir einstaklingar sem fá hér dvalarleyfi af mannúðarástæðum verði, með samþykkt frumvarpsins, í sömu stöðu og þeir einstaklingar sem fengið hafa alþjóðlega vernd (stöðu flóttamanns) þegar kemur að atvinnuréttindum en útlendingur sem fengið hefur dvalarleyfi hér á landi sem flóttamaður er undanþeginn frá kröfu um atvinnuleyfi. Gert er ráð fyrir að máli verði tekið upp á ný eftir að nýtt þing kemur saman.

3. Íslenskukennsla fyrir fullorðna innflytjendur.

Hulda Anna Arnljótsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu framhaldsskóla- og fræðslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kynnti fyrirkomulag íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur hér á landi. [Glærur.](#)

4. Hvernig hátta hinar norrænu þjóðirnar tungumálakennslu fyrir innflytjendur?

Formaður Velferðarvaktarinnar kynnti hvernig tungumálakennslu fyrir innflytjendur væri háttað meðal annarra norrænna þjóða. Stuðst var við upplýsingar frá Sólborgu Jónsdóttur, verkefna- og viðskiptastjóra hjá Mími-símenntun og skýrslu Ramböll Kartlegging av tilbud om språkopplæring og språktrening for voksne innvandrere i Norge og øvrige nordiske land, frá febrúar 2021.

Ákveðið var að undirhópur Velferðarvaktarinnar myndi taka viðfangsefnið til frekari umræðu. [Glærur.](#)

[Skýrslan](#) Ramböll Kartlegging av tilbud om språkopplæring og språktrening for voksne innvandrere i Norge og øvrige nordiske land.

5. Staða fatlaðs fólks á Íslandi.

Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, kynnti niðurstöður spurningakönnunar sem unnin var að beiðni Öryrkjabandalags Íslands um stöðu fatlaðs fólks á Íslandi. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að stór hluti fatlaðs fólks býr við mjög erfiða fjárhagsstöðu s.s. að tæplega átta af hverjum tíu eiga erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman, sex af hverjum tíu geta ekki mætt óvæntum útgjöldum og tæplega fjórir af hverjum tíu búa við skort á efnislegum gæðum. [Glærur.](#)

Ákveðið var að farið yrði nánar yfir [skýrsluna](#) á næsta fundi vaktarinnar.

6. Örkyningar.

Ákveðið var að fresta örkyningum frá Bandalagi háskólamanna, Embætti landlæknis og Mannréttindaskrifstofu Íslands til næsta fundar.

50. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

17. ágúst 2021 kl. 13.15-15.00.

1. Fjórða bylgja Covid-19 – samtal við félags- og barnamálaráðherra.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, fór yfir stöðu mála með tilliti til fjórðu bylgju Covid-19 faraldursins og ræddi við fulltrúa vaktarinnar. Einkum voru rædd málefni barna þ.m.t. skólastarfið framundan og innleiðingu frumvarps um farsæld barna sem nú er að farin af stað og kallar á öflugt samstarf á milli allra þeirra aðila sem koma að þjónustu við börn. Þá eru í undirbúningi verkefni sem lúta að geðheilsu barna og ungmenna. Einnig var rætt um málefni aldraðra og lagði ráðherra áherslu á að þegar kemur að þjónustu við aldraða þurfi að beita svipaðri nálgun og gert hefur verið í málefnum barna.

Í ljósi þess að um var að ræða síðasta fund fyrir kosningar, sem fram fara þann 25. september, var ráðherra þakkað fyrir góð störf og fyrir þann áhuga sem hann hafi sýnt störfum Velferðarvaktarinnar á kjörtímabilinu. Ráðherra þakkaði

fulltrúum sömuleiðis fyrir þá góðu vinnu sem vaktin hefur lagt til á þessum óvenjulegu tímum, hún hefði skilað sér inn í aðgerðapakka stjórnvalda sem bregðast eiga við afleiðingum faraldursins.

2. Upphaf grunnskólastarfs haustið 2021.

Þorsteinn Sæberg, formaður Skólalærafélagss Íslands, ræddi um skólalærafið sem er að hefjast á næstu dögum með tilliti til fjórðu bylgju Covid-19 faraldursins. Þorsteinn ræddi um að í upphafi skólaárs mætti gera mætti ráð fyrir að nemendur þyrftu að fara í sóttkví í ljósi þess hve veiran er útbreidd og enn mikið um smit. Ekki hafa verið gefnar út sérreglur en skólar hafa fengið tilmæli um að gæta vel að sóttvörnum. Þorsteinn ræddi um að kallað hefði verið eftir því að skoðaðar yrðu fleiri lausnir í þessum efnum. Þá lýsti hann því að skólar reyndu eftir fremsta megni að styðja við nemendur á einstaklingsgrundvelli til að mæta þeim afleiðingum sem Covid-19 faraldurinn hefði haft á þá.

3. Málþroski barna og læsi á leikskóla- og grunnskólastigi.

Hlíf Brynja Baldursdóttir, verkefnisstjóri Máls og læsis í Fellaskóla, kynnti verkefni sem stuðlar að góðum málþroska barna og læsi á leikskóla- og grunnskólastigi en verkefnið hefur verið í gangi um nokkurt skeið með góðum árangri. Í kynningu Hlífar mátti m.a. sjá niðurstöður lesfímikönnunar sem sýnir að með mikilli og markvissri vinnu geta börn á skömmum tíma náð góðum árangri í málþroska og læsi, hvort sem þau eru íslensk eða af erlendum uppruna. Gert er ráð fyrir að verkefnið muni síðar koma til með að nýtast í öðrum skólum á landinu. [Glærur](#).

4. Hagir og líðan eldri borgara.

Birna Sigurðardóttir, sérfræðingur á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu, kynnti [skýrsluna](#) Hagir og líðan eldri borgara, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir félagsmálaráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Landssamband eldri borgara. Könnunin náði til 1800 manns af landinu öllu sem voru 67 ára eða eldri þar sem m.a. var spurt um almennt heilbrigði, viðhorf til heilbrigðisþjónustu, aðstoð sem þau nýta sér, félagslega virkni og fleira.

5. Ofbeldi gegn öldruðum á Íslandi.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislögrelustjóri, kynnti [skýrslu](#) greiningardeildar ríkislögrelustjóra um ofbeldi gegn öldruðum á Íslandi. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á ofbeldi gegn öldruðum á Íslandi með það að markmiði að greiða fyrir stefnumörkun í málaflokknum.

Skýrslan er liður í vinnu tímabundins aðgerðateymis gegn ofbeldi sem Sigríður Björk hefur leitt ásamt Eyglóu Harðardóttur, fyrrverandi félagsmálaráðherra, og sagði Sigríður einnig stuttlega frá öðrum verkefnum á vegum aðgerðateymisins. Aðgerðateymið var skipað á síðasta ári en stjórnvöld ákváðu að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum, í ljósi aukinna tilkynninga um heimilisofbeldi í upphafi Covid-19 faraldursins. Aðgerðirnar miðuðu sérstaklega að viðkvæmum hópum, þar með talið börnum, konum af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki sem reynslan hefur sýnt að eru í meiri hættu en aðrir á að verða fyrir ofbeldi.

6. Örkygning.

- Landssamband eldri borgara - Dagbjört Höskuldsdóttir.

Dagbjört kynnti hlutverk og starfsemi sambandsins en það verður 30 ára á árinu. Aðildarfélög þess eru 55 talsins.

7. Önnur mál:

- Rannsókn á brottþvarfi og námstöfum á framhaldskólastigi. Töf hefur orðið á vinnu við skýrsluna en hún er væntanleg bráðlega.
- Fyrirhugaður fundur um mataraðstoð og skýrslu sem unnin var í því sambandi hefur verið frestað um óákveðinn tíma í ljósi sóttvarna.
- Fulltrúar voru hvattir til þess að vekja athygli á málum sem vaktin gæti tekið til umræðu.

49. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

25. maí 2021 kl. 13.15-15.00.

1. Ráðgjafarstofa innflytjenda (New in Iceland).

Joanna Marcinkowska, verkefnastjóri ráðgjafarstofu innflytjenda, kynnti starfsemi ráðgjafastofunnar en hlutverk hennar er að veita ráðgjöf, leiðbeiningar og upplýsingar fyrir innflytjendum um nauðsynlega þjónustu, réttindi þeirra og skyldur. Ráðgjafarstofunni er einnig ætlað að vera samstarfsvettvangur milli stofnana ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila svo sem stéttafélaga og félagasamtaka, og er stofan í nánu samstarfi við Fjölmenningssetur, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Umboðsmann skuldara, Reykjavíkurborg og Vinnumálastofnun. [Glærur](#).

2. Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024.

Linda Rós Alfreðsdóttir og Hrafnhildur Kvaran, sérfræðingar í málefnum innflytjenda og flóttafólks í félagsmálaráðuneytinu, kynntu drög að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem leggja á fyrir Alþingi. Þingsályktunin er nú inni á samráðsgátt. [Glærur](#).

3. Staða barna af erlendum uppruna hjá Reykjavíkurborg.

Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og teymisstjóri móttökuteymis flóttafólks og Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði hjá Reykjavíkurborg, ræddu um málefni barna af erlendum uppruna. Einkum var um að ræða stöðu barna sem hafa hlotið stöðu flóttafólks (179 börn árin 2019-2020) og börn af erlendum uppruna sem búa við efnahagsþrengingar.

Rætt var um að staða þessara barna væri oft ekki góð, þau þyrftu mikinn stuðning bæði í félagslega kerfinu og í menntakerfinu en mörg þessara barna eru með rofna eða nánast enga skólagöngu að baki. Fjölskyldur þurfa oft mikinn stuðning og málin oft bæði viðkvæm og flókin. Mikilvægt sé að styrkja foreldrafærni í nýju landi. [Glærur](#).

4. Örkygningar úr baklandinu:

- **W.O.M.E.N. in Iceland, Samtök kvenna af erlendum uppruna - Nicole Mosty**

Nicole ræddi um starfsemi samtakanna, einkum á tímum COVID-19. Vitnað var í könnun um líðan erlendra kvenna í faraldrinum þar sem í ljós kom að þær eru oft félagslega einangraðar, mikið er um atvinnuleysi og margar eru

að takast á við kvíða og þunglyndi. Fram kom að þeim myndist vera mikill skortur á fræðslu s.s. varðandi fjármál, launaseðla og fræðslu um ýmis réttindi t.d. varðandi fæðingarorlof. Einnig vanti fræðslu um hvað sé í boði í hverju sveitarfélagi.

- Kennarasamband Íslands – Anna María Gunnarsdóttir
Anna María fór yfir starfsemi sambandsins. [Glærur](#).

5. Hjálparsamtök á Norðurlöndunum – fyrirkomulag aðstoðar.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun Íslands, kynnti viðaukann Fyrirkomulag aðstoðar hjálparsamtaka á Norðurlöndunum. Um er að ræða [viðauka](#) við skýrsluna Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka - Hvaða hópar leita? sem unnin var fyrir Velferðarvaktina og félagsmálaráðuneytið á síðasta ári. [Glærur](#).

6. Staðan á Suðurnesjum.

Hera Ósk Einarsdóttur, sviðsstjóri velferðarsviðs í Reykjanesbæ, sagði frá stöðu mála á svæðinu en Velferðarvaktin hefur fylgst með stöðunni á svæðinu í kjölfar fundar sem haldinn var með Suðurnesjamönnum á síðasta ári.

Í máli Heru kom fram að um 23% atvinnuleysi væri á svæðinu og að fyrirséð væri að margir væru að missa bótarétt. Áhyggjur eru af þeim hópi sem hefur verið í 30 mánuði utan vinnumarkaðar. Búið er að grípa til ýmissa úrræða og mikil ánægja er t.d. með Hefjum störf átakið. Þá séu bjartari tímar framundan með aukinni flugstarfsemi og margir bíða eftir að komast í sín gömlu störf.

Hera nefndi einnig aukið álag í barnavernd og fjölgun tilkynning um heimilisofbeldi. Tilkynningum hefði fjölgað í samræmi við fólksfjölgun á svæðinu.

7. Önnur mál.

- Fundir. Næsti fundur verður haldinn 17. ágúst og verða þá málefni eldri borgara tekin sérstaklega fyrir. Þar næsti fundur verður haldinn 28. september. Fundir verða áfram á Teams en gert er ráð fyrir að undirhópar haldi staðfundi á milli stóru fundanna.
- Rannsókn á brotthvarfi og námstöfum á framhaldsskólastigi. Vonast er til að skýrsla Kolbeins Stefánssonar og Helga Eyjólfssonar verði kynnt fljótlega.

48. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

13. apríl 2021 kl. 13.15-15.00.

1. Barnvænt Ísland – kynning.

Hjördís Eva Þórðardóttir, sérfræðingur á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu, kynnti verkefnið Barnvænt Ísland. Markmiðið með verkefninu er að öll sveitarfélög á landinu muni á næstu árum hefja markvissa innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samhliða er unnið að þróun mælaborðs um velferð barna á Íslandi. [Glærur](#).

2. Örkygningar úr baklandinu.

- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins - Ása Sjöfn Lórens dóttir
Ása sagði frá því helsta í starfsemi heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Starfsemin hefur litast af Covid-19 faraldrinum en hefur hins vegar skapað

ýmis ný tækifæri s.s. í fjar meðferðum. Notkun Heilsuveru hefur farið vaxandi en vefurinn hefur aukið aðgengi að þjónustu og um leið létt á álagi á heilsugæslu. Ása ræddi einnig um vaxandi þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu bæði fyrir börn og fullorðna.

- **Samtök atvinnulífsins - Ólafur Garðar Halldórsson**

Ólafur sagði frá því helsta sem um er að vera í starfsemi samtakanna. Samtökin eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs með sex aðildarsamtökum sem byggja á ólíkum atvinnugreinum en yfir 2.000 fyrirtæki í fjölbreyttum greinum eiga aðild að samtökunum. Atvinnulífið stendur nú frammi fyrir krefjandi áskorunum í efnahagslegu tilliti og er atvinnuleysi mikið áhyggjuefni og hafa samtökin m.a. látið gera kannanir til að fylgjast með gagnsemi aðgerða stjórnvalda.

3. Rannsókn á þekkingu og reynslu kennara til að meta tilfelli heimilisofbeldis í skólum.

Kristín Ómarsdóttir, lýðheilsufræðingur, kynnti rannsókn sína á þekkingu og reynslu kennara til að meta tilfelli heimilisofbeldis í skólum landsins.

Rannsóknin leiddi m.a. í ljós að mikill skortur er á þekkingu kennara og starfsfólks skólanna þegar kemur að heimilisofbeldi. Kennarar þekki ekki nægjanlega einkenni heimilisofbeldis og hika oft við að tilkynna þegar grunur er um slíkt.

4. Önnur mál

47. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

23. febrúar 2021 kl. 13.15-15.00.

1. Kynning á Skjólinu.

Rósa Björg Brynjarsdóttir, umsjónarkona Skjólsins, kynnti nýtt þjónustuúrræði fyrir konur sem ekki eiga í örugg hús að vanda á daginn. Skjólið var opnað að frumkvæði biskups í þeim tilgangi að bæta aðstæður heimilislausra kvenna. Skjólið er staðsett í húsakynnum Grensáskirkju en Hjálparstarf kirkjunnar sér um rekstur. Skjólið á í samstarfi við VOR teymi Reykjavíkurborgar og félagsþjónustur á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er enn í þróun en hefur farið vel af stað og hingað til hafa 6 konur nýtt sér þjónustuna.

2. Skýrsla um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi.

Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur, og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kynntu fyrstu niðurstöður skýrslu um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi. Skýrslan er unnin að beiðni Velferðarvaktarinnar. Tilgangurinn með skýrslunni er m.a. að skoða hvort ákveðnir félagslegir þættir geti spáð fyrir um brottfall úr framhaldsskóla. Gert er ráð yfir að skýrslan verði tilbúin á næstu vikum.

3. Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka.

Rætt var um niðurstöður skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands: *Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka - Hvaða hópar leita aðstoðar?*

Fulltrúar nokkurra félagasamtaka í Velferðarvaktinni voru með stutt innlegg um niðurstöðurnar þar sem eftirfarandi atriði komu fram:

- Mikil ásókn er í þjónustu hjálparsamtaka. Margir eru á framfærslu sveitarfélaga. Fólk af erlendum uppruna er í meirihluta þeirra sem leita til hjálparsamtaka, sem skýrist mögulega af meira atvinnuleysi meðal innflytjenda.
- Skiptar skoðanir eru á því hvort úthluta eigi matvörum í poka eða inneignarkortum í matvöruverslanir, eða hafa samblöndu af bæði. Fram kom að mörg fyrirtæki hafi frekar svigrúm til matargjafa. Bent var á að hægt væri að fara í samstarf við verslanir með ýmsum hætti.
- Biðraðir við úthlutun hafa verið gagnrýndar. Bent var á að margir einstaklingar kjósa að mæta snemma, þrátt fyrir að ekki sé þörf á því. Nokkur samtök hafa brugðið á það ráð að úthluta tímum svo það myndist ekki biðraðir.
- Stefnt er að því að halda málþing í vor um skýrsluna þar sem fram fari umræða um hvernig skýrslan geti sem best komið að gagni og nýst til umbóta, jafnvel leitt til meira samráðs eða samstarfs milli hjálparsamtaka, hver sé ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum o.s.frv. Þar verði einnig kynnt skýrsla sem Félagsvísindastofnun vinnur að um þessar mundir um fyrirkomulag aðstoðar hjálparsamtaka annars staðar á Norðurlöndunum.

4. Önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn 13. apríl, meðal efnis verður:

- Kynning á skýrslu Unicef um efnislegan skort barna.
- Kynning á verkefninu Barnvænt Ísland og mælaborð um velferð barna.
- Félagsvísar.

46. fundur Velferðarvaktarinnar (fjarfundur)

12. janúar 2021 kl. 13.15-15.00.

1. Rannsókn Félagsvísindastofnunar á fyrirkomulagi matarúthlutana.

Ásdís A. Arnalds, verkefnastjóri, kynnti helstu niðurstöður rannsóknar Félagsvísindastofnunar sem framkvæmd var fyrir félagsmálaráðuneytið og Velferðarvaktina um fyrirkomulag matarúthlutana og ráðgjafar þar sem meðal annars var kortlagt, í samvinnu við hjálparsamtök, notendur og félagsþjónustu, hvaða hópar eru að sækja þjónustu og hverjir þeirra búa við sérstaklega erfiðar aðstæður. Báðir undirhópar Velferðarvaktar, sárafatæktarhópurinn og barnahópurinn, munu skoða skýrsluna á næstunni. Þá er stefnt að málþingi eða kynningu á skýrslunni síðar. [Glærur](#).

2. Þriðja allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála (UPR).

Sunna Diðriksdóttir, sérfræðingur á skrifstofu almanna- og réttaröryggis í dómsmálaráðuneytinu, kynnti stöðuna á vinnslu þriðju allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála (UPR) sem fer fram 2021-2022. Sunna sagði m.a. frá fyrirhuguðum samráðsfundi með frjálsum félagasamtökum og hagsmunaaðilum þann 27. janúar nk. sem tilkynnt verður um nánar á næstu

dögum. Drög að skýrslunni verða svo kynnt á samráðsgátt í maí. Skýrslan verður tekin fyrir í Genf í janúar 2022. [Hér](#) má lesa nánar um úttektina.

3. Stafræn þjónusta sveitarfélaga.

Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kynnti framtíðarsýn sveitarfélaga varðandi aukna og samræmdari þjónustu á netinu s.s. umsóknir um fjárhagsaðstoð, félagslegar íbúðir o.s.frv. Hingað til hefur ekki verið mikil áhersla lögð á stafrænar lausnir meðal sveitarfélaga en það hefur verið að breytast síðustu misseri með auknum áhuga á kostum stafrænnar þjónustu. Með tilkomu ísland.is var stigið stórt skref í þessum efnum og tækifærin óteljandi þegar kemur að því að gera opinbera þjónustu skilvirkari og notendavænni. [Glærur](#).

4. Samvinna eftir skilnað (SES) – verkefni.

Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi, sérfræðingur í málefnum barna hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og aðjúnkt við HÍ, kynnti verkefnið Samvinna eftir skilnað, sem er gagnreynd aðferð í að aðstoða foreldra við að sinna börnunum og vera í góðu samstarfi eftir skilnað. Með stuðningi félagsmálaráðuneytisins varð verkefnið aðgengilegt í tilraunaútgáfu í nokkrum sveitarfélögum á Íslandi þar sem foreldrar sem eru að skilja fá tækifæri til þess að prófa námskeið í þremur stafrænum áföngum, auk þess sem fagfólk hjá félagsþjónustu umræddra sveitarfélaga býður sérstaklega upp á bæði ráðgjöf í einstökum málum og námskeið fyrir fólk sem er skilið og á börn saman. Undirhópur Velferðarvaktar, barnahópurinn, mun ræða frekar um verkefnið á næstunni. [Glærur](#).

5. Örkynningar úr baklandinu:

- **BSRB.** Jón Ingi Cæsarsson sagði frá helstu verkefnum innan BSRB en um þessar mundir eru verkefni er lúta að styttingu vinnuvikunnar í brennidepli.
- **Geðhjálp.** Silja Björk Björnsdóttir sagði frá því helsta í starfi samtakanna. 39 herferðin vakti mikla athygli á síðasta ári þar sem verið var að þrýsta á stjórnvöld að setja geðheilbrigðismál í forgang m.a. með því að niðurgreiða sálfræðiþjónustu. Verkefnin hafa litast af þróun Covid-19 en þó er margt í gangi t.d. er verið að efla aðgengi pólskumælandi einstaklinga að þjónustunni, vinna að sérstöku verkefni í þágu barna, setja á laggirnar styrktarsjóð o.fl.
- **Rauði krossinn.** Elfa Dögg S. Leifsdóttir fór yfir stöðuna eftir erfitt ár. Metfjöldi símtala og netspjalla var á árinu 2020 sem rekja má til afleiðinga Covid-19 en margir hafa verið að upplifa kvíða, félagslega einangrun og sjálfsvígshugsanir. Hjálparsíminn tekur nú við símtölum á pólsku og mun auka þá þjónustu á næstunni. Rauði krossinn hefur áhyggjur af stöðu fólks af erlendum uppruna og stendur til að reyna að vinna betur með þann hóp á næstunni.
- **Unicef.** Eva Bjarnadóttir fór yfir helstu verkefni en mikil áhersla hefur verið á innleiðingu Barnasáttmálans inn í starfsemi sveitarfélaga. Til stendur að færa það verkefni yfir til stjórnvalda og verður Ísland þar með fyrsta landið til þess að gera slíkt. Meðal annarra verkefna eru vinna við skýrslu til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, gerð skýrslu í samvinnu við Hagstofuna um skort barna, Réttindaskólar o.fl.

- **Þroskahjálp.** Anna Lára Steindal fór yfir stöðuna en verkefnin hafa mörg hver tekið aðra stefnu í kjölfar Covid-19. Margt fatlað fólk upplifir félagslega einangrun, skólaganga nemenda á starfsbrautum hefur t.d. verið takmörkuð, erfitt hefur verið að halda úti starfsemi ungmennaráða o.fl. Þroskahjálp hefur einnig áhyggjur af foreldrum fatlaðra barna þar sem þau hafa þurft að vera mun meira heima. Staða fjármála hjá samtökunum er áhyggjuefni þar sem erfitt hefur reynst að fara í fjáraflanir. Anna sagði einnig frá myndböndum um málefni fatlaðs fólks sem búið er að gera á mörgum tungumálum.

6. Önnur mál.

- Vinna við stöðuskýrslu Velferðarvaktarinnar 2010-2020 er á lokastigum.
- Gert ráð fyrir að fundir vaktarinnar verði í fjarfundarformi a.m.k. fram á sumar.

4. Fulltrúar í Velferðarvaktinni

- Siv Friðleifsdóttir, án tilnefningar, formaður
- Angelique Kelley, tiln. af Samtökum kvenna af erlendum uppruna
- Anna Pétursdóttir, tiln. af Mæðrastyrksnefnd
- Anna Rós Jóhannesdóttir, tiln. af Félagi fagfólks í fjölskyldumeðferð
- Anna Lára Steindal, tiln. af Þroskahjálp, landssamtökum
- Ása Sjöfn Lórensdóttir, tiln. af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Ásgerður Jóna Flosadóttir, tiln. af Fjölskylduhjálp Íslands
- Ásta Sigrún Helgadóttir, tiln. af umboðsmanni skuldara
- Bergþór Heimir Þórðarson, tiln. af PEP á Íslandi
- Bóas Valdórsson, tiln. af Sjónarhóli - ráðgjafarmiðstöð
- Dagbjört Höskuldsdóttir, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- Eðvald Einar Stefánsson, tiln. af umboðsmanni barna
- Eiríkur Karl Ólafsson Smith, fulltrúi réttindagæslumanna, án tilnefningar
- Elísabet Linda Þórðardóttir, tiln. af dómsmálaráðuneytinu
- Eysteinn Eyjólfsson, tiln. af VIRK starfsendurhæfingarsjóði
- Gústav Aron Gústavsson, tiln. af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
- Hanna Borg Jónsdóttir, tiln. af Unicef á Íslandi
- Hrafnhildur Tómasdóttir, tiln. af Vinnumálastofnun
- Ingvi Kristinn Skjaldarson, tiln. af Hjálpræðishernum á Íslandi
- Jón Brynjar Birgisson, tiln. af Rauða krossinum á Íslandi
- Jón Ingi Cæsarson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
- Jónína Hauksdóttir, tiln. af Kennarasambandi Íslands
- Katrín Friðriksdóttir, tiln. af Menntamálastofnun
- Kristín Ólafs Önnudóttir, tímabundið fyrir Tryggva Hallgrímsson, tiln. af Jafnréttisstofu
- Kristjana Gunnarsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg
- Linda Dröfn Gunnarsdóttir, tiln. af Samtökum um kvennaathvarf
- Margrét Júlía Rafnsdóttir, tiln. af Barnaheill
- Margrét Steinarsdóttir, tiln. af Mannréttindaskrifstofu Íslands
- María Ingibjörg Kristjánsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- María Sæm Bjarkardóttir, tiln. af heilbrigðisráðuneytinu
- Ólafur Garðar Halldórsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins
- Ólöf Helga Adolfsdóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands
- Salbjörg Ágústa Bjarnadóttir, tiln. af Embætti landlæknis
- Sigrún Jónsdóttir, tiln. af Tryggingastofnun ríkisins
- Sigrún Sigurðardóttir, tiln. af Geðhjálp.
- Sigurveig Gunnarsdóttir, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu
- Sigurveig H. Sigurðardóttir, tiln. af Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
- Steinunn Bergmann, tiln. af Bandalagi háskólamanna
- Viðar Helgason, tiln. af fjármála- og efnahagsráðuneytinu
- Vilborg Oddsdóttir, tiln. af Hjálparstarfi kirkjunnar
- Vilhjálmur Bjarnason, tiln. af Hagsmunasamtökum heimilanna.
- Þorvar Hafsteinsson, tiln. af Heimili og skóla
- Þuríður Harpa Sigurðardóttir, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands

Með velferðarvaktinni starfar Lovísa Lilliendahl, verkefnastjóri í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Velferðarvaktin er skipuð af félags- og barnamálaráðherra 1. september 2020.

5. Lokaorð

Stöðuskýrsla þessi nær til árana 2021-2022 og endurspeglar starfsemi Velferðarvaktarinnar á því tímabili. Velferðarvaktin hefur starfað í tíð sjö ráðherra félagsmála, alls í tæp 14 ár. Frá stofnun hennar árið 2009 hefur starfsemin þróast í takt við breytta tíma og hefur innihald skipunarbréfs verið uppfært einu sinni, árið 2020. Meginhlutverk hennar hefur þó verið það sama frá upphafi, að vakta stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Í því verkefni er stuðst við skipunarbréf Velferðarvaktarinnar og sem fyrr, þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem helst eiga við s.s. engin fátækt, ekkert hungur, heilsa og vellíðan, menntun fyrir alla og aukinn jöfnuður. Velferðarvaktin er vettvangur upplýsingaskipta þar sem fulltrúar hennar leggja til efni sem kynnt er og rætt um eftir því hvaða málefni eru efst á baugi hverju sinni og tengjast áherslum vaktarinnar. Þá kynna fulltrúar í Velferðarvaktinni starfsemi og áherslur baklands þeirra samtaka eða stofnana sem þeir eru fulltrúar fyrir með reglubundnum hætti.

Á síðustu árum hefur heimsfaraldur COVID-19 litað starf og starfshætti Velferðarvaktar eins og við var að búast. Velferðarvaktinni var falið að vera ráðgefandi aðili tveggja teyma sem stjórnvöld ýttu úr vör til að takast á við þau bráðu verkefni sem heimsfaraldurinn kallaði yfir samfélagið. Fyrst gagnvart viðbragðsteymi velferðarþjónustu og síðar gagnvart uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Velferðarvaktin studdi við bæði teymin með reglubundnum fundum, upplýsingagiöf og tillögum allt fram til loka árs 2021 þegar síðast nefnda teymið sendi Velferðarvakt síðustu stöðuskýrslu sína. Ýmsar tillögur sem Velferðarvaktin lagði áherslur á, til að milda afleiðingar faraldursins á viðkvæma hópa, urðu að veruleika í þeim mótvægisáðgerðum sem stjórnvöld gripu til.

Á tímum heimsfaraldurs breyttust starfshættir þannig að allir fundir Velferðarvaktar fluttust yfir á netið til að tryggja sóttvarnir. Þannig lærðist að nýta tæknina með árangursríkum hætti. Nú við lok tímabils er staðan sú að vel er hægt að hverfa til fyrra horfs og hafa fundi Velferðarvaktar einungis sem staðfundi. Til að gera fulltrúum Velferðarvaktar kleift að taka þátt í störfum vaktarinnar, þótt þeir komist ekki frá starfstöð, séu í fjarvinnu eða starfa fast t.d. á landsbyggðinni, hefur Velferðarvaktin þó tamið sér að hafa síðustu fundi bæði fjar- og staðfundi í senn. Hefur slíkt mælst vel fyrir og er því stefnt á að hafa fundina með þeim hætti þegar því er við komið.

Velferðarvaktin hefur á tímabilinu staðið fyrir rannsóknum sem tengjast viðfangsefnum hennar og lagt til úrbætur eftir atvikum eins og fjallað er um í skýrslu þessari. Við lok tímabilsins er yfirstandandi rannsókn á stöðu barnafjölskyldna sem deila ekki saman lögheimili og fær úrtak umgengnisforeldra spurningalista í hendur í janúar 2023. Verður niðurstöðu rannsóknarinnar gerð skil í næstu stöðuskýrslu.

